



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1823
komudagur 25. 4. 2006

Reykjavík 25.4. 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á aimennum hegningarlögum, 712 mál.

Á bak við frumvarp þetta liggur umfangsmikil og vönduð vinna og virðist frumvarpið í öllum aðalatriðum vera til bóta. Ein athugasemd er þó gerð. Mansal og vændi er sorglegt birtingarform mannglegrar þjáningar. Í frumvarpinu er réttilega haldið áfram á þeirri braut að halda því refsinaemu að þriðji aðili hagnist fjárhagslega á slíku athæfi. Hins vegar er sú leið ekki gengin á enda og ekki mælt fyrir um refsinaemi þess að kaupa vændi. ASÍ mælir mjög eindregið með því að svo verði gert enda skiptir engu máli hvort sá sem hagnast af vændi nýtur þess hagnaðar í formi fjármuna eða annarra gæða sem hann metur nokkurs virði, þ.m.t. útrásar hvata sinna og langana á líkama og sál annarrar manneskju.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/2045
komudagur 3.S. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 28. apríl 2006

Umsögn

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirbyggjandi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, mál nr. 712, kynferðisbrot.

Hefur Barnaverndarnefnd Reykjavíkur engar athugasemdir við frumvarpið.

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur


Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2109
komudagur 15.5. 2006



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Elín Valdis Þorsteinsdóttir,
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. maí 2006

Tilvísun : 2006040024

Vísað er til bréfs dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl., 712. mál, kynferðisbrot. Beðist er velvirðingar á því að ekki hafi tekist að senda inn umsögn fyrir tilskilinn tíma.

Barnaverndarstofa hefur farið nokkuð yfir frumvarpið og fagnar mörgum þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Athugasemdir og ábendingar Barnaverndarstofu hér á eftir snúast fyrst og fremst um ákvæði sem snerta kynferðisbrot gegn börnum.

1. Fyrningarfrestur, 1. gr. frumvarpsins um breytingu á 1. mgr. 82. gr. alm. hgl.

Barnaverndarstofa fagnar þessari breytingu enda hefur stofan lagt áherslu á að hækka þessi aldursmörk. Í 1. mgr. 82. gr. er einungis gert ráð fyrir að þetta taki til brota gegn 194.-202. gr. Barnaverndarstofa leggur til að ákvæðið nái einnig til brota á 2. og 3. mgr. 206. gr. og 3. mgr. 210. gr. enda eru það brot gegn börnum sem sömu rök eiga við um og endranær.

2. Nauðgun, 2.-4. gr. frumvarpsins um breytingu á 194.-196. gr. alm. hgl.

Barnaverndarstofa fagnar hinni vikkudu skilgreiningu á nauðgun sem þarna er að finna. Sérstaklega fagnar stofan umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu um misnotkun á yfirburðastöðu fullorðinna gagnvart börnum og hvatningu til frekari beitingar á nauðgunarákvæðinu þegar framin eru brot gegn börnum.

3. Brot á stofnun og trúnaðarbrot utan fjölskyldu, 5. og 6. gr. frumvarpsins um breytingu á 197. og 198. gr. alm. hgl.

Barnaverndarstofa vill hvetja til þess að brot gegn 197. og 198. gr. sem framin eru gegn börnum verði tekin sérstaklega til skoðunar. Meðal annars verði skoðað betur hvaða stofnanir, heimili og starfsstaði rétt þyki að nefna sérstaklega þegar um börn er að ræða.

Ef borinn er saman refsiramma ákvæða eins og lagt er til að þau hljóði í frumvarpinu þá varðar það allt að 4 ára fangelsi skv. 197. gr. fyrir starfsmann eða umsjónarmann að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn sem er vistað á heimili/stofnun á vegum barnaverndarnefndar. Samskonar brot varðar hins vegar allt að sex ára fangelsi skv. 198. gr. ef það er framið gegn skjólstæðingi yngri en 18 ára sem brotamaður er í trúnaðarsambandi við. Telja verður að sú aðstaða sem getur skapast í fyrra tilvikinu skapi ekki síður hættu fyrir barn og jafnvel frekar ef eitthvað er. Þá er mikill munur á þessu refsiramma og þeim sem fram kemur í 1. mgr. 201. gr. um trúnaðarsamband inn á heimili.

Það má lesa úr greinargerð með frumvarpinu að á stofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda vistist fólk að jafnaði nauðugt. Barnaverndarstofa telur að þetta geti



BARNAVERNDARSTOFA

gefið villandi mynd af þeim heimilum/stofnunum sem gætu fallið þarna undir. Það er mikilvægt að ljóst sé hvort þarna eigi einungis undir heimili og stofnanir sem rekin eru á ábyrgð barnaverndaryfirvalda, skv. 79. gr. og 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. ákvæðum barnaverndarlaga - eða hvort með ákvæðinu sé átt við alla þá starfsemi sem rekin er samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga en þá kæmu til viðbótar hugsanlega stuðningsfjölskyldur skv. 85. gr., sumardvalarheimili skv. 86. gr. og síðast en ekki síst leyfisskyld starfsemi á vegum annarra en barnaverndarnefnda skv. 90. og 91. gr. barnaverndarlaga, sbr. reglugerð nr. 366/2005 um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda skv. ákvæðum barnaverndarlaga. Þá vill vill Barnaverndarstofa taka fram að til undantekninga heyrir að börn vistist utan heimilis gegn vilja sínum og/eða foreldra.

Barnaverndarstofa mælir með því að eftirfarandi verði skoðað:

- sérstaklega verði tekið á brotum starfsmanna og umsjónarmanna gegn börnum sem vistuð eru utan heimilis til sólarhringsdvalar í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu eða fangelsisyfirvalda, heimilum og stofnunum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða laga um málefni fatlaðra og á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Þarna mætti hugsa sér hærri refsiramma fyrir þá sem eru í sérstöku trúnaðarsambandi við barnið. Refsiramma yrði svipaður og fyrir brot gegn börnum á eigin heimili, sbr. 1. mgr. 201. gr.

- sérstaklega verði tekið á brotum annarra þeirra sem vinna með börnum, þ.e. utan sólarhringsstofnana, t.d. starfsmanna barnaverndar- og félagsmálayfirvalda, heilbrigðisstarfsmanna, kennara, leikskólakennara, starfsmanna í æskulýðsstarfi o.þ.h.

- í ákvæði af þessu tagi verði einnig fjallað sérstaklega um kynferðislega áreitni. Þrátt fyrir tillögu í frumvarpinu um nýtt almennt ákvæði 199. gr. um kynferðislega áreitni þá er ekki lagt til að fella brott samsvarandi ákvæði í 200.-202. gr. um brot gegn börnum. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að undirstrika að kynferðisleg áreitni gegn börnum af hendi þeirra sem falið er að vinna með börnin og þeim almennt ætlað að hlýða er alvarlegra brot en kynferðisleg áreitni gagnvart fullorðnum.

4. Kynferðisbrot gegn barni sínu og niðja, 8. gr. frumvarpsins um breytingu á 200. gr. alm. hgl.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að ef þolandi sé yngri en 14 ára varði brot bæði við 200. gr. og 202. gr. og þá sé refsiramma sá sami og fyrir nauðgun. Barnaverndarstofa verður að telja að brot foreldris gegn barni sínu hafi algera sérstöðu óháð aldri barnsins. Með hliðsjón af skyldum, rétti og agavaldi sem felist í forsjá þá hljóti þessi brot að vera jafnalvarleg óháð aldri barnsins, a.m.k. að 18 ára aldri barnsins, og eiga að hafa sama refsiramma enda feli þau ávallt í sér grófa misnotkun á yfirburðastöðu foreldrisins gagnvart barninu. Erfitt sé að rökstyðja að kynferðisbrot gegn eigin barni sé vægara eða eigi að varða vægari refsingu ef barnið hefur náð 14 aldri.

5. Kynferðisbrot systkina, 200. gr. alm. hgl.

Barnaverndarstofa telur refsiramma þessara brota lágan með hliðsjón af öðrum brotum en hér getur verið um að ræða alvarleg brot uppkomins einstaklings gegn ungu barni í tilteknu trúnaðarsambandi. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá virðast einnig



BARNAVERNDARSTOFA

fjölga málum sem upp koma þar sem gerendur eru sjálfir börn. Í sumum þessara mála beinast brot að systkinum þar sem aldursmunur er umtalsverður og er þar oft um alvarleg og gróf brot að ræða. Barnaverndarstofa gerir ráð fyrir að brot eigi að geta varðað bæði við 3. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. ef barn er undir 14 ára. Rétt eins og þegar um foreldri er að ræða þá telur Barnaverndarstofa óeðlilegt að refsiramma breytist með þeim hætti eftir aldri barnsins og hann eigi að vera sá sami a.m.k. að 18 ára aldri þolanda.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að hækka refsiramma kynferðisbrota milli systkina enda megi undirstrika mun á grófleika þeirra með ummælum í greinargerð, svo sem með tilliti til aðferða og aldurs og þroska bæði geranda og þolanda. Þá telur Barnaverndarstofa mikilvægt að ákvæðið nái einnig til uppeldissystkina, þ.e. kjör-, stjúp-, sambúðar- og fóstursystkina. Einnig sé mikilvægt að fjalla í þessu samhengi um kynferðislega áreitni enda um alvarlegri brot að ræða en skv. 199. gr. í þeirri mynd sem frumvarpið setur fram.

6. Kynferðisbrot gegn barni á heimilinu, 9. gr. frumvarpsins um breytingu á 201. gr. alm. hgl.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að með ákvæðinu sé ætlað að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem sé til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með hliðsjón af þessu setur Barnaverndarstofa spurningarmerki við orðalagið "trúað fyrir til kennslu ..." enda hefur stofan orðið vör við að sumir telji að með þessu eigi ákvæðið við t.d. um kennara. Þá vill Barnaverndarstofa koma á framfæri sömu athugasemd við mun á refsiramma eftir aldri og við ákvæði 200. gr., um yfirburðastöðu þess sem hefur forsjárskyldur og samsvarandi rétt gagnvart barni (sjá 4. tl. hér að ofan).

7. Svokallaður kynferðislegur lágmarksaldur, 10. gr. frumvarpsins um breytingu á 202. gr. alm. hgl.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að rannsóknir á Íslandi sýni að börn byrji hér snemma að stunda kynlíf og fyrr en á hinum Norðurlöndunum. Nauðsynlegt sé að taka tillit til þessa veruleika þegar tekin sé afstaða til þess hvernig háttá eigi refsíákvæðum vegna kynferðisbrota gegn börnum, m.a. til að koma í veg fyrir að unnt sé að ákæra ungt fólk sem velji að lifa kynlífi.

Barnaverndarstofa hefur nýverið fengið bráðabirgðaniðurstöður mjög viðamikillar könnunar á kynferðisbrotum gegn börnum og kynhegðan ungs fólks sem unnin var fyrir stofuna af Rannsóknum og greiningu, rannsóknarstofnun við Háskólann í Reykjavík. All itarlegur spurningarlisti var lagður fyrir alla framhaldsskólanemendur landsins sem mættu í skólann tiltekinn dag árið 2004. Af þeim svöruðu alls 10.472 einstaklingar og var svarhlutfall um 80%. Um var að ræða einstaklinga á aldrinum 16-24 og voru kynjahlutföll nokkuð jöfn. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda eindregið til þess að ungt fólk á Íslandi byrji seinna að lifa kynlífi en áður hefur verið talið. Þannig höfðu einungis 4% af strákum og stelpum á aldrinum 16-19 ára í framhaldsskólum haft kynmök undir 14 ára aldri, samtals um 14% undir 15 ára aldri og einungis samtals um 30% undir 16 ára aldri. Þá kom í ljós að stór hluti 16-19 ára einstaklinga telja rétt að hækka hinn kynferðislega lágmarksaldur eða vel yfir helmingur allra svarenda. Sérstaka athygli vekur að stærri hluti stúlkna virðist vilja hækka aldursmörkin



BARNAVERNDARSTOFA

og má túlka sem það ósk þeirra um frekari vernd. Mikilvægt er að taka ríkt tillit til þessa ekki síst í ljósi þess að mikill meirihluti fórnarlamba er kvenkyns. Þá vekur einnig athygli hversu hlutfall þeirra sem velja yngstu aldurmörkin fer stíglækkandi eftir hækkandi aldri svarenda. Má hugsanlega líta svo á að með auknum þroska vaxi skilningur á raunverulegri stöðu barns, raunverulegri upplifun af kynlífi og líðan eftir á. Meðfylgjandi umsögn þessari eru ljósrit af nokkrum niðurstöðum rannsóknarinnar til upplýsinga.

Meðal annars með hliðsjón af rannsókninni þá verður Barnaverndarstofa að hvetja eindregið til þess að aldursmörk 1. mgr. 202. gr. verði hækkuð. Telur stofan að ákvæði frumvarpsins um refsilækkun eða refsibrottfall, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi, muni duga fyllilega til að koma í veg fyrir að ungum piltum eða stúlkum verði gerð ósanngjörn refsing fyrir að hafa kynmök við kærasta/kærustur sínar.

8. Kynferðisbrot gagnvart börnum yfir hinum svokallaða kynferðislega lágmarksaldri, 3. og 4. mgr. 202. gr. og vændi, 206. gr. alm. hgl.

Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að skoða frekar ákvæði 3. mgr. 202. þar sem fjallað er um blekkingar, gjafir og tælingu. Barnaverndarstofa telur að æskilegt hefði verið að fjalla frekar um þau tilvik sem ákvæðinu er ætlað að ná yfir og hugsanlega að breyta orðalagi og fjalla um að notfæra sér ungan aldur og þroskaleysi eða aðstöðumun til að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök. Þá séu óskýr mörk á milli 3. og 4. mgr. 202. gr., þ.e. að tæla barn með gjöfum annars vegar og svo að greiða endurgjald hins vegar. Einnig séu refsismörk 4. mgr. 202. gr. óeðlilega lág með hliðsjón af 2. mgr. 206. gr. eins og lagt er til að því ákvæði verði breytt í frumvarpinu. Þarna virðist það varða þyngri refsingu að ginna, hvetja eða aðstoða barn til vændis (eitt skipti nóg) heldur en að kaupa samræði eða kynferðismök af barni.

9. Kynferðisleg áreitni gagnvart barni, 2. mgr. 200, 2. mgr. 201., 2. mgr. 202. gr. - særa blygðunarsemi með lostugu athæfi, 209. gr. - barnaklám, 210. gr.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu virðist ekki hafa átt að skoða sérstaklega ákvæði 209. og 210. gr. Barnaverndarstofu er kunnugt um frumvarp sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á ákvæði 210. gr., 619. mál um tölvubrot, sbr. umsögn stofunnar. Það frumvarp sem hér er til skoðunar vekur engu að síður upp spurningar um brot gegn börnum sem ekki fela í sér beina snertingu.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu er vitnað til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til breytingalaga nr. 40/1992 þar sem við skilgreiningu á kynferðislegri áreitni var, auk snertingar, nefnd ljósmyndun af kynferðislegum toga. Þá kemur jafnframt fram að með þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir að neðri mörk hugtaksins kynferðisleg áreitni verði rýmkuð. Þannig verði hugtakið ekki afmarkað við líkamlega snertingu heldur geti einnig fallið undir það orðbragð og táknræn hegðun sem er mjög meiðandi, ítrekuð eða til þess fallin að valda ótta.

Þetta vekur í fyrsta lagi upp spurningar um mörk ákvæða um kynferðislega áreitni gegn börnum annars vegar og gerð klámefnis hins vegar, en skv. 2. mgr. 210. gr. getur einungis varðað allt að 2 ára fangelsi að búa til klámefni sem sýnir börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt en kynferðileg áreitni gegn börnum getur varðað allt að 6 ára fangelsi.



BARNAVERNDARSTOFA

Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægt að slá því föstu hvernig eigi að skilgreina gerð myndefnis af börnum af kynferðislegum toga og telur eðlilegt að flokka slíkt sem kynferðislega áreitni gagnvart barni.

Í öðru lagi væri æskilegt að taka af skarið um athafnir sem fela í sér að fá barn til að gera eitthvað við eigin líkama sem þó felur ekki í sér neina sneringu af hálfu geranda. Þar sem ekkert er fjallað um skilgreiningu á lostugu athæfi sem særir blygðunarsemi þá er óljóst hver er mörk slíkrar háttsemi og kynferðislegrar áreitni þegar börn eiga í hlut.

Í þriðja lagi er mjög mikilvægt að löggjafinn taki afstöðu til þess hvort ákvæði 209. gr. taki til þess að láta börn horfa á kynferðislegar athafnir annarra, bæði sem eiga sér stað og einnig á hvers konar myndefni. Í þessu sambandi bendir Barnaverndarstofa á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28. apríl 2006 (mál S-280/2006) þar sem dómari taldi að það eitt að barni væri sýnd klámmynd á myndbandsspólu félli ekki undir lostugt athæfi skv. 209. gr. alm. hgl. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að skilgreina þessa háttsemi sem kynferðislega áreitni gegn barni, eða í það minnsta lostugt athæfi. Í fræðum hefur verið fjallað talsvert um aðdraganda kynferðisofbeldis gegn börnum, m.a. það sem kallað hefur verið "grooming", eða þá háttsemi sem gerandi hefur í frammi til að tryggja sér aðgang, vinna traust, liðka fyrir eða auðvelda sér að fremja brot gegn börnum. Að láta börn horfa á klámefni er þekkt aðferð í þessu skyni og að mati Barnaverndarstofu augljóslega gert í kynferðislegum tilgangi.

10. Meðferð.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá var ekki viðfangsefni þess að skoða ákvæði um meðferð fyrir kynferðisbrotamenn. Barnaverndarstofa vill taka undir með frumvarphöfundum um að full ástæða sé til að kanna hvort breyta eigi ákvæðum hegningarlaga að þessu leyti. Barnaverndarstofa telur þetta sérstaklega mikilvægt með tilliti til ungra afbrotamanna og vill hvetja Alþingi til að endurskoða löggjöf í þessu skyni.

Virðingarfyllt


f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

Grunniðurstöður rannsókna

Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum

Samstarfsverkefni Barnaverndarstofu og Rannsókna & greiningar



RANNSÓKNIR & GREINING

Center for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is



Markmið rannsókna

1. Að rannsaka líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi.
 2. Að rannsaka kynlífshegðun íslenskra ungmenna.
- Næstu skref rannsókna:
- Að rannsaka félagslegan bakgrunn, líðan og hegðun barna og ungmenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða líkamlegu ofbeldi í æsku.




Framkvæmd rannsóknar

- Könnun meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi árið 2004.
 - Lögð fyrir alla nemendur í framhaldsskólum á Íslandi sem mættu í skólann daginn sem fyrirlögn fór fram.
 - Svarhlutfall var um 80% virkra nemenda í framhaldsskólum á Íslandi.
- Unnið verður með svör 10.472 einstaklingar á aldrinum 16-24 ára, þar af um 5129 (49,2%) karla og 5305 (50,8%) kvenna (38 tilgreindu ekki kyn sitt).




Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hve gömul þau voru er þau höfðu kynmök í fyrsta sinn






Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hvort sá sem þau höfðu kynmök við í fyrsta sinn var yngri en þau, jafnaldri eða eldri en þau.






Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskólum eftir því hver þeim finnst kynferðislegur lögaldur eiga að vera á Íslandi.





Hlutfall 16, 17, 18 og 19 ára framhaldsskólanema eftir því hver þeim finnst kynferðislegur lögaldur eiga að vera á Íslandi.



Allsherjarnefnd
28.4.2006

Þingskjal 1048 mál 712

Við í Bríeti, félagi ungra feminista fengum til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum er varða kynferðisbrot. Almennt erum við ánægðar og sáttar við þær breytingar sem hér eru lagðar fram þó með undantekningum sem við listum hér að neðan. Að auki viljum við vekja athygli á þeirri röksemdafærslu sem notuð er í kaflanum Kaup á vændi, þar eru taldir upp kostir og gallar þess að geura kaup á vændi refsiverð og stendur meðal annars:

“3. Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi. Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt átak þjóða til þess að taka á honum.”

Þetta finnst okkur afar varhugaverð röksemdafærsla einkum og sér í lagi ef hún er yfirferð yfir á önnur brot t.d. ef þarna stæði innbrot í stað mannsals.

Það þarf vissulega samstillt átak þjóða til þess að vinna gegn mannsali en við teljum það ekki eiga að standa í vegi fyrir því að íslensk stjórnvöld sýni fordæmi í sinni lagasetningu og verði leiðandi í baráttu gegn mannsali. Bann við kaupum á vændi væri eitt skref í rétta átt.

1. gr.

Hefðum viljað sjá afnám fyrningar í kynferðisbrotum gegn börnum. Styðjum heilshugar við frumvarp þess efnis sem lagt var fyrir Allsherjarnefnd af Ágústi Ólafi Ágústssyni, sbr. Þskj. 72 — 72. mál.

7. gr.

Kynferðisleg áreitni er skilgreind á tveimur stöðum í íslenskri löggjöf. Annarsvegar í frumvarpinu um almenn hegningarlög og hinsvegar í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 96/2000. Þar sem frumvarpið leggur til breytingar á hegningarlögunum hvað varðar kynferðislega áreitni mælum við með að samræmi verði gert milli ólíkra skilgreininga á hugtakinu. En við mælum með því að skilgreiningin í lögum 96/2000 verði notuð.

10. gr.

Hefðum viljað sjá eftirfarandi breytingu:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, Að í stað 14 ára kæmi 16 ára þar sem við teljum 14 ára barn vera of ungt til að stunda kynlíf og teljum að lögin ættu að vernda þau til 16 ára aldurs. Samhliða slíkri breytingu hefðum við viljað sjá grein þar sem tekið er á aldursmun aðila. Þ.e. að ef báðir aðilar eru á svipuðum aldri verði það ekki saknæmt að stunda kynlíf við 14-16 ára aldur, en ef annar aðili er 4 árum eldri eða meira teljist það saknæmt og samsvari því hvetja barn til að stunda kynlíf.

12. gr.

Erum mjög sáttar við að refsing fyrir sölu fellur niður og að auglýsingar um kynlíf verði bannaðar.

Hefðum við eindregið viljað sjá kaup á vændi gerð refsiverð og sænsku leiðina tekna upp hér á landi. Þetta er ein leið til að sporna við vændi og mansali og finnst okkur rétt að löggjafarþing myndi róa að því öllum árum að sænska leiðin yrði tekin upp.

Allsherjarnefnd Alþingis
24.4.2006

Alþingi
Erindi nr. P 132/1750
komudagur 24.4.2006

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot);
712. mál

Frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13 17.
apríl 1984 með síðari breytingum, 667. mál

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í
Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963, 675. mál.

Fangelsismálastofnun hefur ekki neinar athugasemdir við ofangreind frumvörp.

F. h. forstjóra Fangelsismálastofnunar,
Hafdís Guðmundsdóttir
skrifstofustjóri

Umsögn Femínistafélags Íslands um frumvarp um endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlagna

Þskj. 1048 — 712. mál. □

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Femínistafélag Íslands fagnar því að kynferðisafbrotakafli hegningarlagna sé endurskoðaður og telur að leiðréttingar hafi verið þörf til að tryggja réttláta málsmeðferð brotþola í þessum málum. Félagið lýsir þó yfir vonbrigðum með hversu skammt er gengið í hinum nýju ákvæðum og telur að eftir breytingarnar verði staða mála í þessum málaflokki enn á eftir nágrannalöndum okkar og að hagur þolenda kynferðisofbeldis hafi ekki verið nægilega tryggður.

Umsögn um einstaka þætti frumvarpsins:

1. Fyrningarákvæði 1.gr. Ráð femínistafélagsins telur að hér sé of skammt gengið í lengingu á fyrningarfresti á kynferðisafbrotum gegn börnum. Aðeins örfá kynferðisafbrotamál koma til kasta dómstóla hér á landi og undanfarin ár höfum við því miður séð hræðileg dæmi þess að sekt hafi þótt sönnuð í málum af þessu tagi, en ofbeldismaðurinn hafi sloppið við refsingu vegna þess að brotin hafa verið fyrnd. Sérstaða þessarar mála hefur verið rakin hvað eftir annað og það hefur sýnt sig að kynferðisofbeldismenn skýla sér bak við ungan aldur brotþola og treysta því að þeir sleppi við refsingu vegna þess að þolandinn þorir ekki að segja frá fyrr en brotin eru fyrnd. Eitt dæmi er einu dæmi of mikið að okkar mati. Við teljum að kynferðisafbrot gegn börnum eigi ekki að fyrnast, en til vara teljum við lágmark að þau fyrnist ekki fyrr en brotþoli hefur náð 40 ára aldri. Taka þarf tillit til eðlis brotanna og þess að þolendur leita sér oft aðstoðar á milli 30 – 40 ára aldurs. Þá þarf möguleikinn á að leita réttarfarsúræða að vera fyrir hendi.

2. Nauðgun. Ráð Femínistafélagsins telur það mikla framför að skilgreining nauðgunar taki nú líka til misbeitingar á fólki sem ekki geta spornað við verknaðinum, sama af hvað ástæðum það er og að greinin taki einnig til nauðgunar innan sambúðar og hjónabands. Meðlimir ráðsins geta hins vegar ekki skilið hvers vegna nauðgun er einungis talin hafa átt sér stað ef beitt er ofbeldi eða hótunum um ofbeldi. Nauðgun er ofbeldi í sjálfu sér og gróft brot á kynfrelsi manneskju og skiptir engu í því efni hvort afbrotamaður hótar beitingu annars konar ofbeldis um leið. Það er nauðgun ef samþykki þolanda fyrir kynferðismökum liggur ekki fyrir. Ofbeldið sem felst í nauðgun er afdráttarlaust. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er hugtakið kynfrelsi notað óspart, en þess er ekki getið í lögnum sjálfum og verður ekki annað séð en að frumvarpið gangi mun skemur í þessum efnum en greinargerðin gefur til kynna.

3. Kynferðislegur lágmarksaldur. Femínistafélagið leggur til að kynferðislegur lágmarksaldur verði hækkaður í 16 ár en jafnframt verður sett inn aldursviðmið, þannig að það komi fram að ekki sé átt við jafnaldra heldur eldri einstaklinga sem sækja í börn á

unglingsaldri.

4. Kynferðisleg áreitni. Ráð Femínistafélags Íslands fagnar því að kynferðisleg áreitni sé talin hluti af kynbundnu ofbeldi. Félagið vill þó ganga lengra í þessu efni og að fjallað verði um klámvæðingu almennarýmis sem birtingarmynd kynbundins ofbeldis og kynferðislegt áreiti. Íslenskar konur búa því miður við það í auknum mæli að myndefni sem hlutgervir og niðurlægir konur fylli almennarými. Til dæmis er klámblöðum dreift á nær alla blaðsölustaði á Íslandi og klámefni framleitt fyrir íslenskt klámtímarit, þrátt fyrir að dreifing og sala á klámi eigi að heita refsiverð.

5. Vændi. Ráð Femínistafélagsins hafnar þeirri fullyrðingu að vændi sé viðskiptaleg viljabundin athöfn og eigi að lúta sömu lögmálum og sala á þjónustu og vinnuframlagi manns almennt. Vændi er ofbeldi og á að sjálfsgöðu að vera refsivert, rétt eins og annað ofbeldi. Seljendur vændis eru þolendur og félagið styður þá afstöðu að ekki eigi að refsa þolendum vændis og að auglýsingar á vændi séu refsiverðar. Við höfnum því þó að kaupendur kynferðisofbeldis sleppi refsilaust og teljum augljósan kynjavinkil á því þar sem flestir kaupendur vændis eru karlmenn. Ráð Femínistafélags Íslands telur að með þessu sé verið að halda hlífiskildi yfir mönnum sem notfæra sér neyð annarra til að kaupa af þeim kynlífsgreiða. Með þessu er stuðlað að enn frekari markaðsvæðingu kynlífs á Íslandi og við teljum ekki nægjanlegt að beita einungis félagslegum úrræðum til að draga úr vændi þar sem augljóslega þarf að draga úr eftirspurn og það er gert með því að gera kaupendur ábyrga. Að auki teljum við að stjórnvöld hafi ekki tryggt næg félagsleg úrræði og sárlega vantar bæði fjármagn og rannsóknir til að vel megi vera. Það er nauðsynlegt að þjóðfélagið sendi skýr skilaboð um að kaup á vændi sé óásættanleg háttsemi sem brjóti gegn þeim sem kynferðisgreiðar eru keyptir af. Við erum sammála því viðhorfi að til að taka á vændisvandanum þurfi samstillt átak þjóða og teljum óásættanlegt að á Íslandi fari ekki fram neinar rannsóknir af hálfu hins opinbera um umfang og eðli vændis í landinu og að við göngum ekki fram með góðu fordæmi í samfélagi þjóðanna og hvað okkur finnst um menn sem kaupa kynlífsgreiða af öðru fólki. Reynslan sýnir að lögleiðing vændis verður ekki til þess að minnka umfang þess eða hjálpa fólki sem það stundar, heldur þvert á móti eykst mansal og vændi hjá þessum þjóðum, eins og glöggt má sjá dæmi um frá Þýskalandi og öðrum löndum í Evrópu. Til að bæta úrræði í þessum málaflokki er mikilvægt að hér á landi fari fram rannsóknir á umfangi vændis hér á landi.

Eins og fyrr var frá greint telur Femínistafélag Íslands breytingar á hegningarlöggjöf varðandi kynferðisbrot í mörgum atriðum mjög til bóta og að við samþykki þeirra muni réttarstaða þolenda kynferðisofbeldis batna frá því sem nú er. Félagið harmar þó að ekki sé gengið lengra við breytingarnar.

Alþingi - Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 27. apríl 2006
0604015 MMS

Efni: Þskj. 1048, 712 mál.

Með bréfi dags. 12. apríl 2006, mótt. 18. apríl óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til almennra hegningarlaga, 712. mál, kynferðisbrot. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Nauðsynlegt er að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í löggjöfina ekki síst á því sviði sem hér er til umfjöllunar.

Jafnréttisstofa lýsir ánægju sinni með endurskoðun kynferðisbrotaákvæða hegningarlaganna. Löggjöfin hér á landi hefur ekki fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað erlendis á þessu sviði, t.d. á Norðurlöndum. Mál þessi eru í mikilli þróun og því þarf stöðugt að vera á verði og fylgjast með hvað er að gerast til þess að löggjöfin sé í takt við þann tíðaranda sem er á hverjum tíma, bæði hérlendis og erlendis.

Jafnréttisstofa telur umrætt lagafrumvarp fela í sér jákvæðar breytingar í málaflokknum. Nauðsynlegt er að afstaða samfélagsins gagnvart brotum á þessu sviði sé skýr og samfélagið í heild sinni fordæmi þessi brot og líði ekki að þau eigi sér stað, hvort heldur er innan heimilis eða utan. Rannsóknir sýna að konur eru í yfirgnæfandi fjölda tilfella þolendur í þessum málum og karlar gerendur. Brot þessi eru því þáttur í mun stærra vandamáli sem varðar stöðu kynjanna í samfélaginu almennt. Aðgerðir á þessu sviði eins og mörgum öðrum eru því nauðsynlegar til að stuðla að og koma á jafnrétti. Það er mikilvægt að hafa það í huga að lög eru ekki eingöngu tæki til notkunar í réttarsölum, heldur endurspeglar þau einnig siðferði samfélagsins og valdahlutföll innan þess.

Jafnréttisstofa hefði kosið að frumvarpið væri enn rótækara t.d. að sænska leiðin varðandi vændi hefði verið tekin til nánari skoðunar. Stofan telur mikilvægt að samfélagið viðurkenni aðstæður þeirra sem eru í vændi, en taki skýra afstöðu gegn þeim sem nýta sér þær bágu aðstæður sem þeir eru í. Jafnréttisstofa er þeirrar skoðunar að sala á kynlífsþjónustu/vændi sé í raun að lang mestum hluta til ofbeldi



Jafnréttisstofa

gegn konum og að eftirspurn eftir vændi sé meginvandamálið. Stofan telur að aðrar aðgerðir séu nauðsynlegar og vill undirstrika að það þarf að vinna að aðgerðum sem miða að því að aðstoða þolendur kynferðisofbeldis.

Jafnréttisstofa vill einnig benda á að kynferðisleg áreitni er skilgreind á tveimur stöðum í íslenskri löggjöf. Annarsvegar í frumvarpinu um almenn hegningarlög og hinsvegar í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 96/2000. Þar sem frumvarpið leggur til breytingar á hegningarlögunum hvað varðar kynferðislega áreitni leggur stofan til að samræmi verði gert milli ólíkra skilgreininga á hugtakinu, slíkt er óheppilegt. Stofan til mikilvægt að skilgreiningarnar verði samræmdar. Öðrum breytingum á ákvæðinu um kynferðislega áreitni er stofan sammála.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir
Framkvæmdarstjóri



Reykjavík
28. apríl 2006

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1944
komudagur 28.4.2006
v/132. löggjafarþing
v/712. mál

Umsögn um frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot)

Stjórn Samtaka um kvennaathvarf fagnar þeirri viðleitni sem fram kemur í umræddu frumvarpi til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi með lagasetningu. Jafnframt er lýst vonbrigðum með að tillögur samtakanna um heildstæða endurskoðun laga með þátttöku sérfræðinga og hagsmunasamtaka hafi ekki náð fram að ganga. Því miður er ekki tekið tillit til þeirra tillagna sem mótaðar voru af sérfræðingum í málaflokknum og lagðar fram af sameinaðri kvennahreyfingu. Viðtæk samstaða náðist á sínum tíma um að kaupendur vændis yrðu látnir sæta ábyrgð og birtist sú samstaða í ályktun frá því í maí 2004, undirritaðri af: *Stígamótum, Samtökum um kvennaathvarf, Feministafélagi Íslands, Presti innflytjenda, Kvenréttindafélagi Íslands, Kvennaráðgjöfinni, Tímaritinu Veru, Kvennakirkjunni, V-dagssamtökunum, Kvenfélagasambandi Íslands, Bríeti – félagi ungra feminista, UNIFEM á Íslandi, Landssambandi Framsóknarkvenna, Neyðarmóttöku vegna nauðgunar og Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.*

Ekki verður unnið af alvöru gegn kynbundnu ofbeldi nema til komi heildstæð endurskoðun á lögum sem varða þennan málaflokk og félagsleg úrræði styrkt jafnhliða. Þessu hafa Samtök um kvennaathvarf talað fyrir í umsögnum, t.d. um mál er varða brottvísun og heimsóknarbann, heimilisofbeldi, sameiginlega forsjá og útlendingalög, auk þess að mæla með því í tillögum að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi lagða fram af fulltrúum *Íslandsdeildar Amnesty International, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Samtökum um kvennaathvarf, UNIFEM á Íslandi og Stígamótum.*

Þær tillögur sem lagðar eru fram í frumvarpinu eru til bóta en ganga fjarri því eins langt og nauðsyn krefur. Til frekari skýringa er hjálögð umsögn Samtaka um kvennaathvarf um tillögur að umræddu frumvarpi, send dómsmálaráðuneytinu 1. mars síðastliðinn. Þá má finna áskoranir, umsagnir og ályktanir Samtaka um kvennaathvarf er varða lagasetningu gegn kynbundnu ofbeldi á heimasíðunni www.kvennaathvarf.is.

Reykjavík
1. mars 2006

Umsögn frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot)

Samtök um kvennaathvarf lýsa ánægju sinni með þann vilja stjórnvalda sem fram kemur í frumvarpinu til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Í samræmi við umsagnir samtakanna um frumvarp varðandi heimilisofbeldi (þskj. 419 – 365. mál, 132. lþ) og frumvarp um sameiginlega forsjá (þskj. 294 – 279. mál, 132. lþ) leggjum við til að **skipuð verði nefnd sérfræðinga og fulltrúa hins opinbera til að fjalla um allt það sem á döfinni er til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi svo það megi bera sem mestan árangur.** Þannig verður sú sérþekking sem skapast hefur varðandi eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis sem best nýtt og mótaðar heildstæðar tillögur um hvaða lagalegra og félagslegra úrræða nauðsynlegt er að grípa til, í þeim tilgangi að útrýma kynbundnu ofbeldi hér á landi. Einungis fjórtán ár eru síðan kynferðisbrotakafli hegningarlaganna var tekinn til endurskoðunar og hefur þekkingu á kynferðisofbeldi fleygt svo fram síðan að tilefni er til endurskoðunar aftur nú. Það staðfestir þá trú að nauðsynlegt er að nýta þá þekkingu sem til staðar er svo vanda megi til verka og búa hegningarlögin þannig úr garði að þau séu framsýn og í takt við það besta sem gerist. Vísað er í tillögur um aðgerðaráætlun sem unnin var í kjölfar 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi árið 2004 og kynnt var í apríl 2005. Þær tillögur eru enn í fullu gildi og lýsa sjónarmiðum Samtaka um kvennaathvarf um forgangsröðun varðandi lagaleg og félagsleg úrræði sem grípa þarf til.

Athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins:

Nauðgun: Því ber að fagna að skv. frumvarpinu skiptir ekki lengur máli hvernig ástand fórnarlamb nauðgunar er, eða hvort verknaðurinn er framinn innan sambúðar/hjónabands eða utan, með blekkingum eða án. Nauðgun hefur jafn alvarlegar afleiðingar fyrir fórnarlömbin óháð því hvernig hún er framkvæmd, eða í hvaða ástandi fórnarlambið er. Nauðgun er brot á kynfrelsi einstaklingsins og sviptir hann sjálfsákvörðunarrétti yfir eigin líkama. Kynfrelsi einstaklingsins á einmitt að vera grunnurinn sem byggt er á og því veldur það vonbrigðum að samkvæmt frumvarpinu er áherslan enn á framkvæmd nauðgunarinnar, eins og hvort beitt er ofbeldi eða hótun við verknaðinn. Eðlilegra er að áhersla sé lögð á það, hvort samþykki liggja fyrir eða ekki, hvernig svo sem verknaðurinn er framinn.

Fyrningarfrestur kynferðisbrota gegn börnum: Almennt er talið að kynferðisbrot gegn börnum séu með alvarlegustu glæpum sem hægt er að fremja. Vitað er að líkamlegar, andlegar og félagslegar afleiðingar þess geta fylgt fólki alla tíð og haft veruleg áhrif á líf og lífsgæði. Stígamót veitir fórnarlömbum barnaníðinga ráðgjöf og stuðning en konur, og í einhverjum tilvikum karlar, leita sjaldnast þangað fyrr en á fullorðinsaldri. Flestir sem notið hafa aðstoðar hjá Stígamótum eru á aldrinum 19-39 ára, en samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi fynast kynferðisbrot gegn börnum í síðasta lagi við 33:ja ára aldur. Því má leiða að því líkum að þegar fórnarlömb barnaníðinga eru tilbúin til að greina frá ofbeldinu og leita sér aðstoðar eru brotin

yfirleitt fyrnd. Koma þarf í veg fyrir þetta misræmi með lengingu fyrningarfrestsins. Samtök um kvennaathvarf hafa ítrekað lagt til að fyrningafrestur verði afdnuminn í þeim málum er varða kynferðisbrot gegn börnum.

Vændi: Samtök um kvennaathvarf leggja til, nú sem áður, að ábyrgðin á vændi verði hjá kaupendum og hægt sé að sækja þá til saka. Hjá þeim liggur valið og valdið og því eðlilegt að ábyrgðin sé þar einnig. Lýst er ánægju með þær tillögur að fólk sem selur aðgang að líkama sínum sé ekki lengur ábyrgt gagnvart lögum enda er vændi ein birtingamynd kynbundins ofbeldis og eðli málsins samkvæmt er því rangt að refsfa fórnarlömbum þess.

Refsiþynging: Lýst er ánægju með tillögur um refsíþyngingu varðandi kynferðisbrot en jafnframt lögð áhersla á að félagsleg úrræði séu styrkt ásamt lagalegum breytingum. Forgangsröðun hlýtur að vera að kærur fjölgi og sömuleiðis dómum í kynferðisbrotamálum, en til að svo megi verða þarf hugarfarsbreytingu og skilning innan kerfisins á alvarleika þeirra glæpa sem framdir eru í skjóli kynjaðs valds.

Kynferðisleg áreitni: Samkvæmt fyrirliggjandi drögum er staðfest að kynferðisleg áreitni sé hluti af kynbundnu ofbeldi og er það vel. Kynferðisleg áreitni er eins og annað kynbundið ofbeldi, framkvæmt til að staðfesta og viðhalda valdamisræmi milli kynjanna. Undir kynferðislega áreitni má setja klámfengið efni í opinberu rými eða á vinnustöðum þar sem konur eru hlutgerðar og niðurlægðar. Því er velt upp hvort fella eigi klám undir kynferðisbrotakafla hegningarlagna og bæta við tillögurnar að það sé refsivert athæfi ef áreitni er til þess fallin að valda ótta og/eða niðurlægingu.

Ljóst er að ef vel á að vera þarf meiri og vandaðri umfjöllun um frumvarpið í ljósi þess sem verið er að vinna annars staðar. Við leggjum til að unnið sé að félagslegum úrræðum samhliða og í samræmi við lagabreytingar og ítrekum nauðsyn þess að skapa vettvang fyrir samræður milli stjórnvalda og félagasamtaka um öll þau úrræði sem nauðsynleg eru til að aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi verði sem árangursríkastar.

Samtök um kvennaathvarf

Reykjavík 16. maí 2006.


Umsögn lögmanna og starfsfólks Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Slysa- og bráðadeild LSH við frumvarp til laga um breytingu á lögum á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Við lýsum yfir ánægju í öllum meginatriðum með frumvarp til laga um breytingu á hegningarlögunum nr. 19/1994 og teljum nauðsynlegt að sett verði í lög frekari réttarvernd fyrir brotþola í þessum málaflokki. Við teljum að frumvarpið sé unnið á vandaðan og faglegan hátt. Í ljósi reynslu af réttargæslu til brotþola og þekkingu sem aflað hefur verið með þjónustu og meðferðarvinnu annarra fagaðila við brotþola á Neyðarmóttöku (NM) viljum við, til þess að frumvarpið nái tilgangi sínum, gera eftirfarandi athugasemdir:

Frá stofnun Neyðarmóttöku 8. mars 1993 til áramóta 2005-2006 hafa leitað þangað 1329 einstaklingar, allt frá 10 ára gömlum börnum en elsti brotþoli var 78 ára gamall.

Sjá töflur A og B um komur og aldursdreifingu:

Tafla A.



Aldur brotþola á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar

Tafla B.

ÁR	12 - 18 ára	18 - 19 ára	19 - 25 ára	25 - 35 ára	35 - 45 ára	45 - 55 ára	> 55 ára	Fjöldi á ári
1993	9	13	11	5	6	2	0	46
1994	2	17	27	7	10	2	0	66
1995	6	17	17	14	16	4	2	76
1996	11	22	20	12	10	2	2	79
1997	16	24	32	19	13	3	0	107
1998	18	21	25	17	13	7	1	102
1999	16	19	22	21	21	3	1	103
2000	14	30	37	9	4	1	2	97
2001	17	29	49	18	14	9	0	136
2002	19	25	35	18	16	3	3	119
2003	16	22	42	17	11	7	4	119
2004	14	23	40	12	12	1	2	104
2005	(frá 10 ára) 24	28	38	17	17	4	1	130 veitar kt. á 1. bp.
Fjöldi í aldursþópnum	182	290	395	185	163	48	18	1284

Athugasemdir við 202. gr.:

Við erum sammála öllum greinum frumvarpsins en viljum gera athugasemd um breytingu 202 gr.

Í ljósi reynslu okkar af núverandi lagaákvæði 202. gr. teljum við að það hafi ekki náð tilgangi sínum. Raunin hefur orðið sú að ákvæðið veitir fjölda ungra brotþola undir 15 ára aldri ekki næga réttarverndar.

-Í fyrsta lagi er um stóran hóp brotþola að ræða undir 15 ára aldri sem leita til NM vegna kynferðisofbeldis. 67% brotþola eru 18 ára og yngri, en brotþolar 15 ára og yngri eru 37% og hefur orðið mest fjölgun í yngsta aldursþópnum undanfarnin ár. Börn sem eru brotþolar í þessum aldursþópi eru varnarlaus gagnvart brotamönnum sem hafa yfirburðastöðu sökum aldurs og reynslu.

-Í öðru lagi var sjálfræðisaldur hækkaður á árinu 1997 í 18 ár. Breytt viðhorf hafa orðið í þjóðfélaginu til hugtaksins "barn". Mikilvægt er að hafa lagasamræmi um það hvað sé "barn" og að skilaboð séu skýr til þjóðfélagsins um verndun þessa hóps fyrir kynferðislegri misnotkun.

-Í þriðja lagi er sakhæfisaldur 15 ár.

Við leggjum því til að kynferðislegur lögaldur, skv. 1. mgr. 202. gr. verði miðaður við 15 ár og að fortakslaust bann verði lagt við því samræði við barn undir 15 ára aldri.

Við teljum það ekki vera réttlætjanlegt að kynferðislegur lögaldur sé lægri hér en á hinum Norðurlöndunum. Tekið skal mið af sænsku hegningarlögunum, þar sem samræði og önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 15 ár skilgreind sem nauðgun.

Rannsóknir sýni að íslenskir unglingar hefji margir kynlíf um 16 ára aldur. Ný rannsókn sem byggðist á könnun um kynhegðun ungs fólks og kynferðislega misnotkun sem Barnaverndarstofa og Rannsókn & greining/Háskólinn í Reykjavík kynnti 6. maí 2006 sýni að þriðjungur 16-19 ára stúlkna og 44% pilta höfðu aldrei haft kynmök. Þar kom jafnframt fram að með vaxandi aldri þá töldu 55% stúlkna að hækka ætti kynferðislegan lögaldur í 15 ár eða eldri. Í ljósi þessarar rannsóknar mælir Barnaverndarstofa með því að hækka eigi þennan aldur. Jafnframt sýni rannsóknin að meirihluti stúlkna sé að biðja um aukna vernd gegn kynferðislegri áreitni og kynlífsþátttöku.

Lækka má refsingu eða láta falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Reynslan hefur sýnt að fáar ákærur eða sakfellingar hafa verið í raun í málum ungra geranda.

Skv. 3. mgr. 202. gr. mætti taka fram í ákvæðinu, varðandi börn á aldrinum 15-18 ára þ.e. bann við kynmökum við þann aldurshóp, þegar brotamaður notfærir sér yfirburði sökum aldurs og reynslu. Þótt aðferðir séu ekki tæmandi taldar í greininni skal lögð áhersla á síðastgreindu aðferðina sökum mikils fjölda tilvika í reynd.

Við teljum að setja þurfi skýrari ákvæði en nú eru skv. 1. mgr. 44. gr. b. s. l. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um hlutverk réttargæslumanna við rannsókn lögreglu og dómmsmeðferð í ofbeldismálum vegna kynbundins ofbeldis,

Réttargæsla:

Brýnt er að heildarendurskoðun á oml. fari fram á stöðu og réttindum brotþola við rannsókn og dómstólameðferð og hlutverki réttargæslumanns hans.

Félagsleg úrræði:

Nauðsynlegt er að þolendur fái stuðning frá félagsþjónustu til að vinna sig út úr afleiðingum ofbeldis og tryggja þarf meiri stuðning fyrir börn frá félagsþjónustu/barnaverndarnefnd. Brotamaður og sérstaklega ungir gerendur fái og sé tryggð markvissari meðferð, meðferðarúrræði og eftirfylgd. Talið er samkvæmt rannsóknum í USA og einnig hér á landi að um 30% geranda í kynferðisbrotum framin gegn börnum séu gerendur ungir brotamenn og er talið að um 10-20% þeirra verði mögulegir gerendur áfram gegn börnum.


Því er mikilvægt að forvarnarstarf verði styrkt verulega og að tryggt sé að fjármunir séu settir til félagsþjónustu/barnaverndarnefnda til forvarna og virkra úrræða. Sérstaklega á þetta við um börn, en kynferðisbrot barna eru oft hluti af öðrum vanda, t.d. vanrækslu barna í fjölskyldum þeirra, misnotkun og einnig áhrif frá umhverfi eins og klámvæðingu og klámnotkun ungs fólks. Ungum gerendum verði veitt viðtæk og sértæk hjálp í gegnum barnaverndarkerfið, þar sem önnur sjónarmið hljóta að gilda gagnvart þeim heldur en eldri gerendum. Þessi meðferð á ekki að vera háð því hvort kynferðisbrot sem þeir fremja eru kærð eða ekki, heldur á tilkynning þjónustuaðila fyrir brotþola vegna kynbundins ofbeldis um mál þeirra til barnaverndaraðila samkvæmt lögum að tryggja að ungum gerendum í málum sé veitt áminning og meðferð og á það að vera skilyrði frekar en val.


Lokaorð:

Við leggjum áherslu á mikilvægi heildstæðra og samhæfðra aðgerða réttarkerfis, heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu/barnaverndarnefnda gegn kynbundnu ofbeldi. Forvarir verði styrktar verulega. Virk úrræði og stuðningur verði til brotþola, einkum til barna. Ungir gerendur fái markvissa meðferð.

Við bjóðum fúslega fram okkar aðstoð vegna áframhaldandi vinnu og umræðu vegna þessa frumvarps.

Fyrir hönd starfsfólks Neyðarmóttöku vegna nauðgunar,


Helga Leifsdóttir, hdl.
Húsi verzlunarinnar,
103 Reykjavík,
s. 550 3700,
LHL@simnet.is


Eyrún Jónsdóttir, deildarstjóri
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.
Landspítala- háskólajúskrahúsi
S. 543 1000
eyrunj@landspitali.is


Hjálagt:

Könnun á kynhegðun ungs fólks og kynferðislegri misnóttun í framhaldsskólum á Íslandi.


Úrtak 10.472..

Barnaverndarstofa og Rannsóknir & greining / Háskólinn í Reykjavík 2006.

Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hve gömul þau voru er þau höfðu kynmök í fyrsta sinn



Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskólum eftir því hve þeim finnst kynferðislegur lögaldur eiga að vera á Íslandi. Á að hækka aldur í 15 ár eða eldri?





LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi

Erindi nr. P 132/1961

komudagur 2.S. 2006

28. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 12. apríl sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til almennra hegningarlaga, 712. mál, kynferðisbrot.

Landssamband lögreglumanna gerir ekki athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd.

F.h. Landssambands lögreglumanna,

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1842
komudagur 26.4.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

THE NATIONAL COMMISSIONER OF
THE ICELANDIC POLICE

Reykjavík 24. apríl 2006

Tilvísun: 2006040047
50.03


Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 712. mál, kynferðisbrot

Við er til bréfs allsherjarnefndar frá 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Engar athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins.

F.h. RLS



Steinar Adolfsson, lögl. fulltr.

RH/jhb
B. 537/06

Reykjavík, 8. maí 2006

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. f.m., frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að hækka 14 ára aldursmarkið í 2. másl. 1. mgr. 82. gr. hgl. í 18 ár og skv. 13. gr. frv. er lagt til að ákvæði 1. gr. frv. gildi einnig um brot sem framin eru fyrir gildistöku laga þessara, „enda sé fyrningarfræstur þeirra ekki hafinn“. Gerð er athugasemd við orðalag 13. gr. frv., og lagt til að síðari málsliður ákvæðisins orðist svo: „Ákvæði 1. gr. gildir einnig um brot sem eru ófyrnd við gildistöku laganna“. Þessi leið var farin með breytingu á fyrningarákvæðum danskra hegningarlaga, sbr. lög nr. 441 31./05/2000.

Tekið er undir athugasemdir frv. um að ekki verði talið að slík breyting fari í bága við ákvæði stjórnarskrár eða Mannréttindasáttmála Evrópu, enda rétt að skýra ákvæði 2. gr. og 2. gr. a. hgl. eins og gert hefur verið í Danmörku, þ.e. að bann við afturvirkni taki til refsinnæmis verknaðar og refsingar, en ekki til fyrningarreglna.

- Samkvæmt 2. gr. frv. er lagt til að ákvæði 194. gr. verði rýmkað mjög frá því sem er í gildandi lögum. Í athugasemdum kemur m.a. fram að lagt sé til að ákvæði 195. gr. hgl. um aðra ólögsmæta kynferðisnauðung falli brott og 194. gr. um nauðgun taki til allra hótana sem verknaðaraðferðar, en ekki eingöngu ofbeldishótana eins og nú sé gert.

Með fyrirhugaðri breytingu verður að telja að ekki sé tryggt að sú háttsemi að notfæra sér aðstöðumun, sem hingað til hefur verið heimfærð undir 195. gr. laganna, sé refsiverð. Í 195. gr. hgl. segir að hver sem með *annars konar ólögsmætri nauðung* þröngvi manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Í athugasemdum með frv. segir að með orðunum „annars konar“ sé í raun verið að vísa til 194. gr., þ.e. að hótanir þær, sem falli undir 195. gr. séu ekki eins alvarlegar og hótanir skv. 194. gr. Virðist því vera gert ráð fyrir því að með hugtakinu *annars konar ólögsmætri nauðung* sé einungis átt við hótanir um annað en ofbeldi.

Á þetta verður ekki fallist. Hugtakið hótun nær ekki fyllilega yfir það sem í réttarframkvæmd hefur verið talið felast í ólögsmætri nauðung. Það nær t.d. ekki til tilvika þar sem aldurs-/ eða aðstöðumunur ræður því að brotþoli telur sig ekki geta spornað við kynmökum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar uppkveðinn 15. janúar 2003 í málinu nr. 372/2003.

Þá þykir rétt að benda á að þótt Svíar hafi nýlega rýmkað nauðgunarákvæði sitt í 1. gr. 6. kafla sænska brottsbalken, sbr. lög nr. 90/2005, eins og getið er um í athugasemdum, þá tekur ákvæði 2. gr. 6. kafla laganna til þeirrar háttsemi að þröngva manni til kynferðismaka með *annars konar ólögsmætri nauðung*.

Með þeim breytingum sem stefnt er að með frumvarpinu er hætt við að verið sé að þrengja verknaðarlýsingu núgildandi ákvæða.

- Samkvæmt 5. gr. frv. er lögð til breyting á 197. gr. hgl., og varðar sú breyting þær stofnanir sem þar eru taldar upp. Bent er á að þjónustustofnanir fyrir fatlaða einstaklinga

eru ekki í þessari upptalningu. Auk þess einskorðast refsivernd ákvæðisins við „vistmenn“ stofnana. Með slíku orðalagi er hætt við að refsivernd ákvæðisins taki ekki til andlega fatlaðs fólks sem starfar daglangt á þjónustustofnunum þeim sem t.d. eru tilgreindar í 9. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Þannig má nefna að fatlaðir einstaklingar sem eru á hæfingarstöð eða eru starfsmenn á vernduðum vinnustöðum teljast væntanlega ekki vera vistmenn slíkra stofnana, heldur starfsmenn.

Hafa verður í huga þá öru þróun sem átt hefur sér stað í málefnum fatlaðra. Ákvæði 197. gr. hgl. byggir á gömlum grunni, þ.e. á ákvæði 168. gr. hegningarlaganna frá 1869. Litlar breytingar hafa orðið síðan á ákvæðinu, sem þá helst felast í því að verknaðarlýsing hefur verið rýmkuð svo að nái til allra starfsmanna þessara stofnana og refsiviðurlög verið þyngd.

Með lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra var reynt að koma til móts við fatlaða í atvinnu- og endurhæfingarmálum á landsvísu og var sú þjónusta nýmæli í þessum lögum, einnig ákvæði um verndaða vinnustaði og dagvistar- og hæfingarstofnanir. Ljóst er að mikið vatn hefur runnið til sjávar í málefnum fatlaðra frá gildistöku hegningarlaganna árið 1869. Fatlaðir einstaklingar nútímans eru ekki eingöngu vistmenn á tilteknum stofnunum, heldur er komið til móts við sértækar þarfir þeirra með því að starfrækja þjónustustofnanir svo þeir geti verið þátttakendur í hinu daglega lífi. Það breytir því hins vegar ekki að eftir sem áður eru fatlaðir einstaklingar útsettari en aðrir fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sýnist því koma til greina að rýmka refsiverndina í þá veru að ákvæði 197. gr. hgl. taki ekki eingöngu til vistmanna á tilgreindum stofnunum, heldur einnig til þeirra sem að ofan er getið.

- Í 7. gr. frv. er lagt til að lögfest verði almennt ákvæði um kynferðislega áreitni. Gerð er athugasemd annars vegar við skilgreiningu hugtaksins kynferðisleg áreitni og hins vegar við refsimörk ákvæðisins. Eins og fram kemur í athugasemdum frv., bls. 17, hefur skilgreining hugtaksins kynferðisleg áreitni gefist vel í framkvæmd. Hafa menn nokkuð fastmótaðar hugmyndir hvað felist í hugtakinu. Með 7. gr. frv. er lagt til að rýmka hugtakið varðandi brot gegn fullorðnum þannig að það taki ekki eingöngu til líkamlegrar snertingar eins og verið hefur, heldur einnig til einhliða athafna sem fela í sér stöðugt áreiti.

Fræðilega er unnt að heimfæra þær einhliða athafnir sem nefndar eru í ákvæðinu undir 209. gr. hgl., og eru fjölmörg dæmi um slíkt í dómaframkvæmd. Eins og ákvæðið er framsett í frv. tæki það hvorttveggja til tjónsbrotá og samhverfra. Spurning er hvort slík framsetning getur verið óheppileg í lagatæknilegu tilliti. Af hálfu ríkissaksóknara þykir heppilegra að skilja alfarið á milli háttsemi sem felur í sér snertingu og þeirra einhliða athafna sem nefnd eru í ákvæðinu. Með því mætti ganga út frá því að hugtakið kynferðisleg áreitni yrði skýrt með sama hætti í öllum kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Myndi þá gott samræmi nást, en hugtökin samræði og önnur kynferðismök eru skýrð með sama hætti í öllum kynferðisbrotakaflanum. Eins og áður greinir tekur ákvæði 209. gr. hgl. til einhliða athafna. Refsimörk þess ákvæðis eru nokkuð rúm og því hafa dómstólar nægilegt svigrúm til að dæma þyngri refsingu fyrir háttsemi sem er ítrekuð eða meiðandi.

Hvað refsimörk ákvæðis 7. gr. frv. varðar þykir skjóta skökku við að lagt sé til að kynferðisleg áreitni skv. 7. gr. frv. varði allt að 2 ára fangelsisrefsingu, meðan brot gegn blygðunarsemi skv. 209. gr. hgl. varðar sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Verði frumvarpið að lögum, myndi háttsemi sem fæli í sér klúrt orðbragð eða einhliða athöfn í eitt skipti, (sem heimfærð yrði undir 209. gr. hgl.) varða sektum eða fangelsi allt að 4 árum, meðan háttsemi sem fæli í sér ítrekað klúrt orðbragð eða einhliða athöfn, (og heimfærð yrði undir 199. gr. hgl.), myndi varða fangelsi allt að 2 árum. Þá myndu einhliða athafnir varða þyngri refsingu en líkamleg snerting. Refsimörk hegningarlagaákvæða endurspeglar alvarleikastig brota. Kynferðisleg áreitni hlýtur að

teljast alvarlegri háttsemi en brot gegn blygðunarsemi. Þykir því nauðsynlegt að refsimörk 7. gr. frv. verði skoðuð í þessu tilliti.

- Samkvæmt 9. gr. frv. er gert ráð fyrir breyttum refsimörkum í 201. gr. hgl., en ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum. Á það skal bent að ákvæðið í núverandi mynd tekur ekki til þess þegar t.d. stjúpafi brýtur gegn stjúpbarnabarni sínu, nema honum hafi verið sérstaklega trúað fyrir barninu til kennslu eða uppeldis. Telja verður með hliðsjón af breyttu fjölskyldumynstri að þörf sé á að endurskoða ákvæðið að þessu leyti.

Brjótí t.d. stjúpafi gegn 14 ára stjúpbarnabarni sínu með því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barnið er verknaðurinn refsilaus nema ólögmætri verknaðaraðferði hafi verið beitt við verknaðinn, en þá væri unnt að heimfæra háttsemina undir 194., 195. eða 196. gr. hgl. Ákvæði 1. mgr. 202. gr. myndi hins vegar taka til verknaðar gegn barni yngra en 14 ára.

Eftir stendur að börn á aldrinum 14 – 17 ára sem alast upp í nánnum tengslum við stjúpfjölskyldu sína njóta minni refsiverndar en börn sem alast eingöngu upp í nánnum tengslum við blóðtengda. Rétt er að benda á að ákvæði 199. gr. norsku hegningarlaganna, sem samsvarar 201. gr. hgl., virðist vera víðtækara að þessu leyti og gæti því tilvikið sem nefnt er hér í dæmaskyni fallið undir ákvæðið. Þá virðist svipað ákvæði sænsku hegningarlaganna taka til tilviksins, sbr. 2. mgr. 4. gr. 6. kafla laganna.

- Þá eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Hugtakið önnur kynferðismök

Í athugasemdum frumvarpsins á bls. 16 er dregin tiltekin ályktun um hvað falli undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í íslenskum rétti. Í þeirri upptalningu er hvorki getið þeirrar háttsemi þegar gerandi lætur þolanda fróa sjálfum sér, eða þegar gerandi lætur t.d. tvo þolendur hafa kynferðismök. Með hliðsjón af nýlegum Hæstaréttardómi, frá 6. apríl 2006, nr. 472/2005, þar sem reyndi á ofangreint álitafni, er ljóst að litið sé svo á að slík háttsemi falli utan hugtaksins önnur kynferðismök. Í þeim dómi var tekið fram að eins og ákæru væri háttað þættu ekki efni til að taka afstöðu til þess hvort háttsemi ákærða hafi átt undir 209. gr. hgl.

Ríkissaksóknari hefur fengið mál til meðferðar þar sem gerandi hefur látið börn yngri en 14 ára fróa sjálfum sér. Þá þekkist það úr norrænni dómaframkvæmd að slík háttsemi, sem og sú háttsemi að láta börn hafa kynferðismök við dýr eða önnur börn, hefur verið heimfærð undir hugtakið önnur kynferðismök.

Þótt unnt væri að heimfæra framangreinda háttsemi undir 209. gr. hgl. er rétt að benda á að mikill munur er á refsimörkum þess ákvæðis og t.d. 1. mgr. 202. gr., þegar brot beinist að börnum yngri en 14 ára. Þá má benda á að sérstaka fyrningarreglan sem um þessi brot gilda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., gildir ekki um 209. gr. hgl.

Beiting 194. gr. og 202. gr. hgl.

Í athugasemdum frumvarpsins á bls. 27 í umfjöllun um 202. gr. hgl., er lagt til að verknaðarlýsing ákvæðisins verði óbreytt, en áhersla lögð á að ákært verði bæði fyrir nauðgun (194. gr.) og kynferðisbrot gegn barni (202. gr.) sbr. 77. gr. hgl., hafi fullorðinn maður kynmök við barn undir 14 ára aldri.


Í nánari umfjöllun um þetta atriði með 2. gr. frv. á bls. 40 er tekið fram að það sé gagnrýnisverð niðurstaða að nauðgunarákvæði 194. gr. skuli ekki hafa verið beitt jafnhliða 202. gr. hgl. þegar um ung börn er að ræða, þar sem ekki sé beitt ofbeldi eða hótun um það og er tiltekinn dómur síðan nefndur í dæmaskyni.

Skilja má þessa umfjöllun á tvo vegu. Annars vegar að skýra hefði átt nógildandi ákvæði á þann veg að beita eigi þessum ákvæðum saman þegar um er að ræða brot gegn barni

yngra en 14 ára. Hins vegar að verði frumvarpið að lögum, eigi að byggja á þessari rýmkaðri verknaðarlýsingu 194. gr. og ákæra fyrir bæði brotin þegar um börn yngri en 14 ára er að ræða.

Varðandi fyrri skilninginn er því til að svara að lögskýringargögn verða engan veginn skilin svo að ætlunin hafi verið með lagabreytingunni árið 1992 að 194. gr. og 202. gr. yrði beitt saman. Í frumvarpi með breytingarlögunum nr. 40/1992 er tekið fram í athugasemdum með 194. gr. að lýsing verknaðaraðferðar sé rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar taki ákvæðið til allra refsiverðra ofbeldishótana. Hvorki er vikið að því í athugasemdum með þessu ákvæði, né í athugasemdum með 202. gr. að beita eigi ákvæðunum saman. Þá verður ekki séð af skrifum fræðimanna að ætlunin hafi verið að beita ákvæðunum saman, sbr. grein Jónatans Þórmundssonar um kynferðisbrot í skýrslu Nauðgunarmálanefndar, og grein Ragnheiðar Bragadóttur um sífjaspell í ritinu Línaðu (2001), bls. 483-4. Í grein Ragnheiðar er umfjöllun um sama hæstaréttardóm og heimfærsla til refsíákvæða þar talin vera lögum samkvæm. Rétt er einnig að nefna að dómstólar hafa ekki gert athugasemdir við ákæruframkvæmd að þessu leyti.

Sé ætlunin að rýmka nauðgunarhugtakið með þeim hætti að það taki til kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára, án þess að um beinni valdbeitingu eða hótun sé til að dreifa, verður að telja rétt að kveðið sé á um það í lagatextanum sjálfum, sbr. t.d. ákvæði 192. gr. norsku hegningarlaganna og ákvæði 4. gr. í 6. kafla sænsku hegningarlaganna. Það er einnig í samræmi við meginregluna um skýrleika refsheimilda.




e.u.

Nefndasvið Alþingis
Asturstræti 8-10
150 Reykjavík

yngra en 14 ára. Hins vegar að verði frumvarpið að lögum, eigi að byggja á þessari rýmkaðri verknaðarlýsingu 194. gr. og ákæra fyrir bæði brotin þegar um börn yngri en 14 ára er að ræða.

Varðandi fyrri skilninginn er því til að svara að lögskýringargögn verða engan veginn skilin svo að ætlunin hafi verið með lagabreytingunni árið 1992 að 194. gr. og 202. gr. yrði beitt saman. Í frumvarpi með breytingarlögunum nr. 40/1992 er tekið fram í athugasemdum með 194. gr. að lýsing verknaðaraðferðar sé rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar taki ákvæðið til allra refsiverðra ofbeldishótana. Hvorki er vikið að því í athugasemdum með þessu ákvæði, né í athugasemdum með 202. gr. að beita eigi ákvæðunum saman. Þá verður ekki séð af skrifum fræðimanna að ætlunin hafi verið að beita ákvæðunum saman, sbr. grein Jónatans Þórmundssonar um kynferðisbrot í skýrslu Nauðgunarmálanefndar, og grein Ragnheiðar Bragadóttur um sífjaspell í ritinu Línðælu (2001), bls. 483-4. Í grein Ragnheiðar er umfjöllun um sama hæstaréttardóm og heimfærsla til refsíákvæða þar talin vera lögum samkvæm. Rétt er einnig að nefna að dómstólar hafa ekki gert athugasemdir við ákæruframkvæmd að þessu leyti.

Sé ætlunin að rýmka nauðgunarhugtakið með þeim hætti að það taki til kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára, án þess að um beinni valdbeitingu eða hótun sé til að dreifa, verður að telja rétt að kveðið sé á um það í lagatextanum sjálfum, sbr. t.d. ákvæði 192. gr. norsku hegningarlaganna og ákvæði 4. gr. í 6. kafla sænsku hegningarlaganna. Það er einnig í samræmi við meginregluna um skýrleika refsheimilda.



e.u.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1960
komudagur 2. 6. 2006

Akranes 2. 5. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 12. apríl sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, mál nr. 712, kynferðisbrot.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið. Niðurstaðan varð sú að Sýslumannafélagi Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson.

Reykjavík
29. apríl 2006

Alþingi
Erindi nr. P 132/1964
komudagur 2.5.2006



Umsögn frá UNIFEM á Íslandi

Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940
(kynferðisbrot)

UNIFEM á Íslandi
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Laugavegur 42, 101 Reykjavík
Iceland

Stjórn UNIFEM á Íslandi fagnar endurskoðun á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga og þeim sýnilega vilja stjórnvalda til að auka réttlæti gagnvart konum og þolendum kynferðisofbeldis almennt í íslensku réttarkerfi. Hér á eftir koma athugasemdir okkar.

Sími: +354 552 6200

Fax: +354 552 6010

netfang: unifem@unifem.is

vefur: www.unifem.is

194. grein

I. Við fögnum því að minni krafa er gerð á ofbeldispátt nauðgunar með því að nú hefur „hótun“ komið í stað „hótun um ofbeldi“. Þó teldum við æskilegra að skilyrða ekki nauðgunarhugtakið á þann hátt sem hér er gert. Nauðgunarhugtakið er enn tengt við verknaðinn, þ.e. ofbeldi eða hótun. Orðið nauðgun ætti ekki að þurfa að skilgreina frekar, sbr. orðið þjófnaður eða orðið vændi sem standa sannarlega ein og sér án frekari skilgreininga í nágildandi löggjöf.

II. Við fögnum því að 196. grein um misneytingu hafi verið felld niður og inntak hennar fært inn í 194. grein, þannig er kynfrelsi kvenna virt óháð ástandi þeirra.

Við leggjum til að lágmarksrefsing fyrir nauðgun verði hækkuð úr einu ári í tvö sökum þess hversu vægir dómur eru almennt í þessum málaflokki sem endurspeglar ekki alvarleika brotanna.

195. grein

Við fögnum þessu ákvæði og teljum að það geti leitt til þyngingar á refsingum. Í því felast skilaboð löggjafans um alvarleika nauðgunar. Á sama tíma er það miður að nauðgunarhugtakið skuli vera tengt verknaðinum og magni þess ofbeldis sem beitt er við framkvæmd hans.

Stjórn UNIFEM á Íslandi leggur til að einnig komi til refsipyngingar þegar um er að ræða tvo eða fleiri gerendur í nauðgunarmáli. Það liggur fyrir að fjöldanauðgun hefur í för með meiri ógnun fyrir þolandann. Jafnframt er lagt til að ef þolandi nauðgunar sætir að auki mannráni, komi það einnig til refsipyngingar.

197. grein

Við leggjum til að sett verði inn lágmarksrefsing fyrir brot af því tagi sem fjallað er um í þessari grein vegna þess valdamunar sem er ríkjandi á milli aðila.

Þróun í þágu kvenna
allra hagar

199. grein

Við fögnum þessu ákvæði þar sem það telst ótvíræð réttarbót fyrir konur, sem eru í flestum tilfellum þolendur kynferðislegs áreitiss.

202. grein

Því ber að fagna að breytingar á þessari grein hafa í för með sér að alvarleiki brotsins hefur verið lagður að jöfnu við nauðgun.

205. grein

Við teljum þessa grein mikla réttarbót fyrir samfélagið í heild sinni.

206. grein

Stjórn UNIFEM á Íslandi gerir alvarlegar athugasemdir við þessa grein þar sem hún þykir enn endurspeglar gamaldags viðhorf til vændis og er ekki í samræmi við þá réttarbót sem felst í breytingu á nauðgunarlöggjöfni og þeirri sem snýr að kynferðisbrotum gegn börnum.

Á sama tíma og við fögnum því að sá eða sú sem selur aðgang að líkama sínum skuli ekki lengur vera sakhæf/ur þá þykir okkur miður að aðeins sá eða sú sem hagnast á vændi annarra skuli sakhæf/ur. Þetta endurspeglar áðurgreint viðhorf og tekur ekki tillit til þeirrar staðreyndar að flestir þeir (oftast konur) sem selja aðgang að líkama sínum eru fórnarlömb aðstæðna sem þarf að taka tillit til í löggjöf sem þessari. Við minnum jafnframt á þá samstöðu sem myndaðist innan kvennahreyfingarinnar þegar ljóst var að til kæmi endurskoðun á löggjöf um vændi og þá kröfu að sænska leiðin yrði farin.

Lokaorð

Hafa ber í huga við endanlega endurskoðun kynferðisbrotalöggjafarinnar að það viðhorf er greinilegt í lögunum að athöfn og hegðun ofbeldismannsins er skilgreinandi þáttur brotsins og kynferðislegt markmið hans. Upplifun konunnar er málinu nánast óviðkomandi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ofbeldi er ekki aðalverknáðurinn í augum konunnar sem verður fyrir nauðgun heldur brotið gegn kynfrelsi hennar og innrásin í líkama hennar.

Hvað varðar fyrningarfrest í kynferðisbrotamálum gegn börnum fögnum við því að fyrningarklukkan skuli ekki byrja að tifa fyrr en við 18 ára aldur í stað 14 ára áður. Hins vegar erum við þeirrar skoðunar að þegar um alvarleg brot er að ræða ætti fyrningarfrestur ekki að eiga við.

Hvað varðar vændiskafla löggjafarinnar ber að hafa í huga við endanlega gerð hans að ekki er hægt að líta á sölu vændis með sömu augum og litið er á viðskipti milli tveggja jafningja. Helstu ástæður þess eru sem fyrr segir félagsleg staða þeirra sem selja aðgang að líkama sínum og sá valdamunur sem til staðar er milli aðila. Hugmyndin um frjálst val einstaklinga á heldur ekki við þegar um vændi er að ræða þar sem valkostir þeirra sem stunda það eru þröngir.

UNIFEM á Íslandi

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna

Laugavegur 42, 101 Reykjavík

Iceland


Sími: +354 552 6200


Fax: +354 552 6010

netfang: unifem@unifem.is

vefur: www.unifem.is

Fyrir hönd stjórnar UNIFEM á Íslandi,


Edda Jónsdóttir,
formaður stjórnar.


Guðrún Margrét Guðmundsdóttir,
varaformaður stjórnar.

UNIFEM á Íslandi
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Laugavegur 42, 101 Reykjavík
Iceland

Sími: +354 552 6200
Fax: +354 552 6010
netfang: unifem@unifem.is
vefur: www.unifem.is

**Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

**Efni: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til almennra hegningarlaga, 712. mál,
kynferðisbrot.**

Útlendingastofnun barst bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 12. apríl sl., þar sem farið var þess á leit að stofnunin veitti umsögn vegna frumvarps til almennra hegningarlaga.

Útlendingastofnun gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Reykjavík, 24.04.2006
F.h. Útlendingastofnunar


Ragnheiður Ó. Björnsdóttir
forstöðumaður leyfasviðs

